

- Svara þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir húsfélagið. Hafi það ekki verið gert áður. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr.140/2018. Könnunina er hægt að nálgast í Þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi bankans.
- ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á húsfund.
 - ✓ Áður en AML er samþykkt á húsfélagið þarf gjaldkeri að vera búinn að skanna löggild skilríki, öskuskírteini eða vegabréf, hafi það ekki verið gert áður. Hægt er að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum á [heimasíðu bankans](#). Hægt er að fá nánari upplýsingar í Þjónustuveri Arion banka.
- Skila þarf inn afriti af fundargerð húsfundar þar sem fram kemur hverjir eru í stjórn húsfélagsins. Fundargerðin þarf að vera dagsett og undirrituð af fundarritara og að minnsta kosti einum stjórnarmanni.
- ✓ **Skila inn eyðublaðinu „Umboð til gjaldkera húsfélags og tilkynning um stjórnarkjör húsfélags“.** Gott að fara með þetta eyðublað á húsfund þar sem **meirihluti stjórnar húsfélagsins** þarf að skrifa undir umboð til gjaldkera og þeir eigendur, sem voru á löglega boðuðum aðalfundi húsfélagsins, þurfa að staðfesta kjör stjórnarinnar með undirritun sinni á tilkynninguna um stjórnarkjör.
 - ✓ **Athugið: Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda. Ef fundargerð er orðin eldri en 12 mánaða, þarf að koma með nýja fundargerð þar sem endurkjör stjórnarinnar var staðfest eða þar sem fram kemur hverjir skipa nýja stjórn.**
 - ✓ Á sama eyðublaði kemur fram hver hættir sem gjaldkeri húsfélagsins, þar þarf að fylla inn nafn, kt. og notandanafn á eyðublaðið. Umboð fráfarandi gjaldkera eru felld niður á reikninga sem og í netbanka.
 - ✓ Skilyrði er að skipta um leylinúmer á reikningum þegar skipt er um gjaldkera til að tryggja öryggi reikningseiganda.
- Þjónustubættir:
- ✓ Netbanki: ef húsfélagið er ekki með netbanka eða þarf að skipta um notanda í netbanka, þarf að skila inn eyðublaðinu: *Samningur um aðgang að netbanka fyrir félag/húsfélag*. **Meirihluti stjórnar þarf að undirrita sem og tveir vottar. Þetta eyðublað er einnig gott að taka með á húsfélagsfund til að fá undirskriftir.**
 - ✓ Innheimtuþjónusta: ef húsfélag óskar eftir því að stofna innheimtuþjónustu þá þarf að skila inn eyðublaðinu: *Samningur um innheimtuþjónustu* sem gjaldkeri undirritar. Hægt er að nálgast samninginn á heimasíðu bankans.
- Eyðublöð varðandi Húsfélagapjónustuna er hægt að nálgast á [heimasíðu Arion banka](#)